Þórný Vaka Þorleifsdóttir
LARK IV - Landslagsgreining
Landbúnaðarháskóli Íslands
Kennari: Gísli Rafn Guðmundsson
4/05/2022

# SKESSUSÆTI

## ÚTSÝNISPALLUR VIÐ ENDA SKORRADALS



# SVIÐSMYNDIR OG LANDSLAGSGREINING

### AÐ ÓBREYTTU



Ef svæðið myndi haldast óbreytt þá myndi friðlendið á Fitjum vera í áframhaldandi hættu vegna rasks af mannavöldum og þá sérstaklega vegna göngugarpa sem væru að koma niður af botnsheiði með enga vitund um verðmæti svæðisins.

### Á VERSTA VEG



Ef allt myndi fara á versta veg þá væri skorradalsvatn orðið ólíft vegna mikillar þörungarmyndunar vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum. Fuglalíf væri í hættu vegna ágang mannsins og mengunar. Fljótlega myndu fuglar hætta að verpa á svæðinu og vistkerfin myndu hrynja. Mikið rof myndi eiga sér stað í hlíðum skorradals vegna ágang mannsins.

### Á BESTA VEG



Á besta veg yrði Skorradalurinn allur iðandi af fugla-og dýralífi. Votlendið á Fitjum yrði verndað gegn raski og myndi áfram haldast friðað. Göngugarpar sem væru að klára Síldarmannagötur myndu geta staldrað við og notið útsýnisins áður en gengið væri niður í dalinn og jafnframt frætt sig um verðmæti Fitja og sögu dalsins.

## GREININGAR Á SVÆÐI



Ár og vötn
Skógrækt
Hönnunarsvæði



Stigar
Vegir
Hönnunarsvæði



Útsýnisásar
Hönnunarsvæði

## STAÐSETNING HÖNNUNAR

Við lok fyrsta legg gönguleiðar Borgarfjarðarbrautar nánar tiltekið „Síldarmannagötur“ er gengið niður í Skorradalinn þar sem víðáttumikill og fallegur dalurinn tekur á móti manni með opnum örmum. Áður en gengið er niður í sjálfan dalinn er hægt að staldra við og njóta útsýnisins á útsýnispalli kallaður „Skessusæti“ með tilvísun í Skessuhornið sem mörgum er kunnugt. Á Skessusæti er hægt að tilla sér niður eftir langa göngu, borða nesti og horfa á fallegt útsýnið. Skessusæti er staðsett á klettasillu ofarlega í hlíðinni fyrir ofan Vatnshorn við Fitjar.




1:70000

Þórný Vaka Þorleifsdóttir
LARK IV - Landslagsgreining
Landbúnaðarháskóli Íslands
Kennari: Gísli Rafn Guðmundsson
4/05/2022

# SKESSUSÆTI

## HLIÐ AÐ SKORRADAL

Við rannsóknarvinnu úr fyrra verkefni um legu Borgarfjarðarbrautar komst ég að þeirri niðurstöðu að fyrsti leggur leiðarinnar sem liggur frá Hvalfirði og niður í Skorradal væri fremur einsleitur þar sem gengið er yfir slétta Botnsheiðina og ekki margir staðir til að staldra við, setjast niður og njóta útsýnis. Eini staðurinn sem mér fannst áhugaverður á þessari leið er Skorradalurinn sem jafnframt er endapunktur leiðarinnar. Þegar gengið er niður í Skorradalinn þá tekur við manni víðáttumikið útsýni og dalurinn tekur á móti manni með “opnum örmum” og býður mann velkomnan eftir langa göngu. Við val á staðsetningu til að vinna hönnunina mína fannst mér tilvalið að velja endapunkt Síldarmannagatna sem áningastað og búa til svokallað “hlið” að Skorradalnum, þar sem tekið væri vel á móti göngugörpum eða öðrum gestum með hönnun sem byði upp á hvíld, fræðslu og núvitund.



1:5000



## PLANTEIKNING

Hönnunin sækir innblástur í Fitjaá sem rennur um landslagið í fallegum bugðum og eru sætin á útsýnispallinum því látin falla inn í landslagið í bogadregnum formum í takt við ánna. Pallurinn sjálfur er gerður úr viði sem fenginn er í nágreninu og bogadregnu sætin eru formuð úr steypu. Hægt er að fræða sig um lífríki Fitja á upplýsingaskiltum sem staðsett eru á handriðunum en einnig er hægt að fræða sig um Vatnshorn og lesa þjóðsögu um „Skorradalsorminn“ á skiltunum.



1:100

## FRÆÐSLUSKILTI




## SNIÐTEIKNING




1:20



Þórný Vaka Þorleifsdóttir
LARK IV - Landslagsgreining
Landbúnaðarháskóli Íslands
Kennari: Gísli Rafn Guðmundsson
4/05/2022